

FUNDARGERÐ

336. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs var haldinn 23. nóvember 2022 í fundarsal sjóðsins að Suðurlandsbraut 24, Reykjavík

Boðuð dagskrá:

1. Fundargerð
2. Viðauki XVIII umbúðir
3. Sérstök söfnun
4. Flutningsjöfnun
5. Blandað plast frá heimilum
6. Mál til kynningar
7. Árfundur og næstu fundir
8. Önnur mál

Fundinn sátu:

Magnús Jóhannsson, formaður (MJ),
Lárus M.K. Ólafsson, varaformaður (LÓ),
Benedikt S. Benediktsson (BSB),
Eygerður Margrétardóttir (EM),
Guðný Hjaltadóttir (GH),
Hildur Hauksdóttir (HH),
Líf Magneudóttir (LM),
Ólafur Kjartansson, framkvæmdastjóri (ÓK).

BSB ritaði fundargerð.

Samantekt ákvarðana fundarins:

1. Fundargerð 334. fundar var samþykkt með breytingum sem BSB var falið að útfæra áður en hún verður send stjórn til rafrænnar undirritunar.
2. Samþykkt var tillaga um til URN um breytingar á lögum um úrvinnslugjald (viðauki XVIII)
3. Ákveðið var að framkvæma á fyrri hluta árs 2023 úttekt á hve vel álagning úrvinnslugjalds samkvæmt viðauka XVIII samræmist rauninnflutningi.
4. Samþykkt var tillaga um breytingu á flutningsjöfnun fyrir heyrúlluplast með fyrirvara um nánari yfirferð skrifstofu og lagfæringar á tilgreiningu er varðar Djúpavog, Höfn o.fl.

5. Ákveðið var að næsti stjórnarfundur yrði haldinn eftir hádegi 5. desember 2022.

Dagskrárliðir og umræður:

Fundur var settur kl. 12:00

1. Fundargerð

Fyrir fundinum lágu drög að fundargerðum 334. og 335. stjórnarfunda Úrvinnslusjóðs.

Afgreiðslu fundargerðar 335. fundar var frestað.

Fundargerð 334. fundar var SAMÞYKKT með breytingum sem BSB var falið að útfæra áður en hún verður send stjórn til rafrænnar undirritunar.

2. Viðauki XVIII umbúðir

Fyrir fundinum lá skjalið F336 D02 Viðauki XVIII Umbúðatafla URN 10.11.22 á fundargátt stjórnar sem inniheldur drög að tillögu stjórnar til URN um breytingar á lögum um úrvinnslugjald.

Stjórn ræddi málið. Tillagan var SAMÞYKKT.

ÁKVEÐIÐ var að framkvæma á fyrri hluta árs 2023 úttekt á hve vel álagning úrvinnslugjalds samkvæmt viðaukanum samræmist rauninnflutningi.

Óskað var eftir að tekið væri fram í fundargerð að viðaukinn inniheldur ekki tillögur um þrepaskipt gjöld.

3. Sérstök söfnun

Fyrir fundinum lágu eftirfarandi skjöl:

1. F336 D03 Sérstöfnun gjaldskrá
2. F336 D03 Sérstöfnun yfirlitsmynd
3. F336 D03 Sérstök söfnun uppgjör
4. F336 D03 Söfnun söfnunarstöðvar PAP PLA GLE MAL 21.11.22

ÓK gerði stjórn grein fyrir efni skjalanna sem varpa ljósi á kostnað og virkni kerfis endurgjalds vegna sérstakrar söfnunar.

Stjórn ræddi málið. Nánari umræðum var frestað.

4. Flutningsjöfnun

Fyrir fundinum lágu eftirfarandi skjöl:

1. F336 D04 Erindi til stjórnar Úrvinnslusjóðs
2. F336 D04 Flutningsjöfnun fyrir heyrúlluplast – ný útfærsla

3. F336 D04 Minnisblað um innlenda endurvinnslu
4. F336 D04 Yfirlit yfir flutningsjöfnun

ÓK gerði stjórn grein fyrir tillögu um breytingu á flutningsjöfnun fyrir heyrúlluplast sem kemur fram á skjalinu F336 D04 Flutningsjöfnun fyrir heyrúlluplast – ný útfærsla.

Stjórn ræddi málið. Tillagan var SAMÞYKKT með fyrirvara um nánari yfirferð skrifstofu og lagfæringar á tilgreiningu er varðar Djúpavog, Höfn o.fl.

5. Blandað plast frá heimilum

Fyrir fundinum lá skjalið F336 D05 Blandað plast frá heimilum.

ÓK kynnti stjórn efni skjalsins sem innheldur tillögu um breytingu á endurgjöldum vegna heimilisplasts sem er ráðstafað til endurvinnslu og orkuvinnslu.

Stjórn ræddi málið. Skrifstofu var falið að gera breytingar á endurgreiðslufjárhæðum svo betur verði stuðlað að endurvinnslu.

6. Mál til kynningar

Fyrir fundinum lágu eftirfarandi skjöl:

1. F336 D06 Fyrirkomulag við móttöku ökutækja
2. Nýtt tölvukerfi Úrvinnslusjóðs
3. Söfnun á víðavangi – tilteknar einnota plastumbúðir
4. Yfirlit yfir flutningsjöfnun

ÓK gerði stjórn grein fyrir þörf á skilgreiningu þjónustu- og ráðstöfunaraðila vegna ökutækja.

Umræðu um málið var frestað.

7. Ársfundur og næstu fundir

Fyrir fundinum lágu eftirfarandi skjöl:

1. F336 D07 Nýtt tölvukerfi Úrvinnslusjóðs
2. F336 D07 Úrvinnslusjóður kynningarmál

MJ upplýsti að ársfundi hefði verið frestað að höfðu samráði við UOL-ráðherra.

Ákveðið var að næsti stjórnarfundur yrði haldinn eftir hádegi 5. desember 2022.

8. Önnur mál

Fyrir fundinum lá skjalið F336 D08 14-287 Úrvinnslusjóður staðfestingarbréf v. ársr. 2021

Stjórn ræddi staðfestingarbréf vegna ársreiknings 2021.

Fleira var ekki gert á 336. fundi stjórnar Úrvinnslusjóðs og fundi slitið kl. 13:33.